

Málskostnaður ákveðst kr. 170.000, og er þá málskostnaðarkrafa stefnanda vegna gagnsakar höfð í huga.

Ólafur St. Sigurðsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Miðbæjarframkvæmdir s/f, gefi út afsal til handa stefnanda, Ómari Arasyni, fyrir 3ja herbergja íbúð á fyrstu hæð, merktri A, í húsinu Hamraborg 16 í Kópavogi ásamt tilheyrandi bílgeymslu svo og öllu því, sem eignarhluta þessum fylgir og fylgja ber samkvæmt samningum aðilja frá 28. febrúar 1974, innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlögðum sektum, kr. 10.000 á dag.

Stefndi greiði stefnanda kr. 53.011 með 13% ársvöxtum frá 12. febrúar 1976 til greiðsludags, að liðnum 15 dögum frá dómsbirtingu.

Stefndi skal skyldur til að aflétta veðböndum af ofangreindri íbúð samkvæmt handhafaveðskuldabréfi, útgefnu af honum sjálfum 27. janúar 1976, að upphæð kr. 1.511.036.

Stefndi greiði stefnanda kr. 170.000 í málskostnað.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 27. júní 1978.

Nr. 196/1976. **Einar M. Jóhannesson**
(Hrafnkell Ásgeirsson hrl.)

gegn

Hauki Benediktssyni
(Benedikt Blöndal hrl.).

Skuldamál. Fjárnám. Áfrýjun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. maí 1976, að fengnu áfrýjunarleyfi 19. s. m. Hann krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur, málinu vísað frá héraðsdómi og hin áfrýjaða fjárnámsgerð ómerkt. Til vara krefst hann sýknu af kröfum stefnda og ómerkingar hinnar áfrýjuðu fjárnámsgerðar. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og fjárnámsgerðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Af hálfu áfrýjanda var sótt þing í héraði, er málið var þingfest, en eigi síðar. Var málið dómtekið, án þess að áfrýjandi andmælti kröfum stefnda. Hefur engin skýring komið fram á því, hvers vegna þingsókn féll niður af hendi áfrýjanda. Áfrýjandi hefur eigi fullnægt skilyrðum 45. gr. laga nr. 75/1973, og koma því málsástæður hans eigi til álita í Hæstarétti. Samkvæmt þessu ber að staðfesta héraðsdóminn.

Áfrýjunarleyfi dómsmálaráðherra, dags. 19. maí 1976, er einskorðað við héraðsdóminn og tekur eigi til fjárnámsgerðar þeirrar, er fram fór á grundvelli hans 24. febrúar 1976. Frestur til áfrýjunar fjárnámsgerðar var liðinn, er áfrýjunarstefna var gefin út, sbr. 1. málsgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Ber að vísa frá Hæstarétti kröfu áfrýjanda um, að hún verði felld úr gildi.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti, 100.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Kröfu áfrýjanda, Einars M. Jóhannessonar, um, að framangreind fjárnámsgerð verði felld úr gildi, er vísað frá Hæstarétti.

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi greiði stefnda, Hauki Benediktssyni, 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 15. janúar 1976.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hefur Haukur Benediktsson verkamaður, Skarðshlíð 4, Akureyri, höfðað hér fyrir dómi með stefnu, útgefinni 30. nóvember 1975, á hendur Einari M. Jóhannessyni, Strandgötu 23, Akureyri, til greiðslu á kr. 917.543 ásamt 2% dráttarvöxtum á mánuði frá 1. maí 1975 til greiðsludags, kr. 98.000 í málskostnað auk alls kostnaðar af máli þessu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Stefnandi kveður málsatvik þau, að með kaupsamningi, dagsettum 27. apríl 1973, hafi stefnandi keypt vélbátinn Sólbjörgu, ÓF 47, af Jóni Magnússyni, Sveinnesvegi 14, Ólafsfirði. Kaupverð hafi verið umsamið kr. 1.800.000 og hafi kaupandi greitt það, meðal annars með skuldabréfi að upphæð kr. 1.143.356, sem jafnframt hafi verið tryggt með veði í bátnum.

Með samningi, dagsettum 4. júlí 1974, og afsali sama dag hafi stefnandi selt bátinn til stefnda. Hafi þá staðið eftir af fyrrgreindu láni Jóns Magnússonar kr. 857.517 auk 7% ársvaxta frá 1. maí 1974.

Með samningi, dagsettum 4. júlí 1974, hafi stefnandi lofað að selja stefnda sama bát og afsalað honum sama dag. Í þeim samningi hafi kaupandi, stefndi í máli þessu, tekið að sér að greiða framangreint skuldabréf, þá að eftirstöðvum kr. 857.517 auk 7% ársvaxta frá 1. maí 1974 til 4. júlí 1974. Skuldin hafi verið tryggt með 2. veðrétti og uppfærslurétti á eftir kr. 163.000 skuld til Fiskveiðasjóðs Íslands samkvæmt þremum veðbréfum, dagsettum 31. desember 1969, 9. október 1971 og 15. apríl 1972, í vélbátnum Sólbjörgu, EA 142. Báturinn hafi verið seldur á opinberu nauðungarupphóði 11. nóvember 1975 og hafi hæstbjóðandi verið Fiskveiðasjóður Íslands með kr. 100.000 í boð. Afsal hafi sjóðurinn fengið 26. sama mánaðar fyrir bátnum. Samkvæmt því hafi framangreint veð strikast út. Skuldareigandi, sem sé Jón Magnússon, hafi fengið dóm á hendur stefnanda þess efnis, að honum sé gert að greiða Jóni Magnússyni kr. 917.543 ásamt 2% dráttarvöxtum á mánuði frá 1. maí 1975 til greiðsludags og kr. 98.000 í málskostnað. Dómurinn hafi verið uppkveðinn í bæjarþingi Akureyrar 18. nóvember 1975. Þar sem stefndi hafi ekki gagnvart stefnanda staðið við að greiða skuld þessa, sé nú málshöfðun nauðsynleg, enda hafi dómur gengið á hendur stefnanda til handa Jóni Magnússyni samkvæmt því, sem að framan greini.

Því beri stefnanda í máli þessu nauðsyn að fá þá skyldu stefnda

viðurkennda, að honum beri að greiða stefnufjárhæðina samkvæmt kaupsamningnum.

Af hálfu stefnda var við þingfestingu máls þessa sótt þing og tekinn frestur til greinargerðar, en við fyrirtöku málsins í dag var ekki sótt þing af hálfu stefnda og málið þá dómtekið að kröfu stefnanda.

Ber því samkvæmt 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma mál þetta eftir kröfum og málsútlitun stefnanda.

Stefnandi hefur lagt fram í málinu framangreinda kaupsamninga og afsöl ásamt endurriti dóms svö og ljósrit skuldabréfa, og eru gögn þessi í samræmi við framangreint, og þar sem engir gallar eru á málatilbúnaði, er frávísun varði ex officio, verða kröfur stefnanda teknar til greina að fullu.

Málskostnaður ákveðst kr. 110.000.

Dómsorð:

Stefndi, Einar M. Jóhannesson, greiði stefnanda, Hauki Benediktssyni, kr. 1.015.543 ásamt 2% vöxtum á mánuði af kr. 917.543 frá 1. maí 1975 til greiðsludags og kr. 110.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 8. september 1978.

Nr. 134/1978. **Gísli G. Ísleifsson**
 gegn
Sigurjóni Pálssyni og
Páli Sigurjónssyni.

Kærumál. Kærufrestur. Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Sóknaraðili hefur með heimild í b lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr.